

┌ Athugun á fiski úr Dalbæjarflóði,  
Landbroti.  
Magnús Jóhannsson

Selfossi, febrúar 1989. VMST-S/89003X

└



**VEIÐIMÁLASTOFNUN - SUÐURLANDSDEILD**  
Eyrarvegi 21, 800 Selfossi.

# ATHUGUN A FISKI UR DALBÆJARFLÓÐI. LANDBROTI.

## Samantekt.

Dalbæjarflóð er um 1,0 ha. grunnt vatn í Landbroti. Athugaðir voru 16 urriðar sem veiddir höfðu verið í vatninu. Þeir voru 1-5 ára, 13-40 sm og 19-480 g. Vöxtur var allgóður en holdarfar í lélegra lagi. Gefnar eru ráðleggingar um nýtingu vatnsins.

### Inngangur

Þann 3. september var farið til athugunar á Dalbæjarflóði í Landbroti að beiðni Einars Bjarnasonar landeiganda.

Dalbæjarflóð er um 1,0 ha grunnt vatn í Landbroti. Gróður er víða uppúr. Útrennsli var áður í Grenlæk en á árinu 1987 var það stíflað og við það hækkaði nokkuð í vatninu. Hugmyndir eru um að veita afrennsli í Skaftá. Nokkurt rennsli er í vatnið.

Á árinu 1987 var sleppt um 3-4 þús. bleikjuseiðum (3-4 sm) og svipuðu magni urriðaseiða (4-5 sm) og á sl. vori var aftur sleppt svipuðu magni af urriðakviðpokaseiðum. Einhver náttúrulegur fiskur var fyrir í vatninu.

### Framkvæmd.

Um 20 fiskar höfðu verið veiddir úr vatninu í álagildru. Þar af voru 2 bleikjur en afgangurinn urriðar. Sextán af þessum fiskum voru teknir til skoðunar. Hver fiskur var veginn lengdarmældur og kyngreindur. Kvarnir og hreistur var tekið til aldursákvörðunar. Holdastuðull var reiknaður en hann gefur hugmynd um holdarfar fiskanna.


### Niðurstöður og ráðleggingar.

Á mynd 1 er sýnd lengdardreifing urriðanna. Þeir voru frá 13-40 sm og þyngdin var 19-480 g. Aldur urriðanna reyndist 1-5 ár (tafla 1). Hluti eins ár seiða er líklegast úr sleppingum. Vöxtur er allgóður en heldur verri en í nálægum vötnum (Magnús Jóhannsson 1987 og 1989). Holdarfar urriðanna var í lélegra lagi en það kann að hluta að stafa af því að þeir höfðu verið geymdir lifandi um hrið. Tveir fiskar voru kynproska, einn 37 sm hængur og ein 40 sm hrygna.

Tafla 1. Meðallengd, meðalþyngd og fjöldi urriða eftir aldri.

	Aldur ár				
	1	2	3	4	5
Meðallengd. (sm)	14,8 (4)	21,8 (6)	26 (1)	37,3 (4)	37 (1)
Meðalþyngd. (g)	32,0 (4)	77,0 (5)	118 (1)	380 (3)	480 (1)

Vatnið virðist frjósamt en það er lítið og getur því ekki borið mikið af fiski. Heldur virðist þétt á urriðunum. Til bóta var að hækka í vatninu og reynandi að gera það enn frekar. Hrygningarskilyrði virðast léleg og því líklegt að halda þurfi stofninum við með sleppingum. Þar kemur til greina urriði og bleikja. Athugandi væri hvort ekki er hægt að haga svo til að vatnið hafi greiðan samgang við Skaftá eða Grenlæk. Við það myndi fiskur geta gengið úr og í sjó, en líklega þyrfti rennsli í og úr vatninu að aukast. Fiskur gæti þannig alist upp í vatninu en



Mynd 1. Lengdardreifing urriða úr Dalbæjarflóði.

gengið til sjávar þegar göngustærð er náð. Í sjó tæki hann út mun meiri vöxt en hann næði í vatninu og afrakstur vatnsins yrði mun meira. Ætla má að veiða mætti úr vatninu um 20-30 kg árlega af fiski sem væri allt sitt líf í vatninu. Rétt er að veiða fiska sem eru að verða kynproska (35-40 sm) og nota til þess net með 40 mm möskva. Ef seiði gengju til sjávar yrði framleiðslan meiri. Líklega henta sjóbleikja og/eða sjóbirtingur best til sleppinga. Heppilegt sleppimagn er um 2 - 4 þúsund smáseiði árlega ef fiskur nær að fara í sjó, en ef ekki er hæfilegt sleppimagn um 50-100 seiði árlega. Best er að nota í klak fisk úr vatninu og þá sjógenginn fisk, ef ætlunin er að afkomendur gangi til sjávar. Eftir að seiðum hefur verið sleppt væri rétt að fylgjast með göngum úr og í vatnið með netum eða gildrubúnaði. Vænta má að seiðin leiti út að vori (apríl-maí) en til baka síðsumars eða að hausti.

Heimildir.

Magnús Jóhannsson, 1987. Athugun á silungi í Víkurflóði Landbroti. VMST-S/87002, skýrsla, 3 bls.

Magnús Jóhannsson, 1989. Athugun á fiski í Skjaldatjörn í Landbroti. VMST-S/89002X, skýrsla, 4 bls.